

Stofnvistfræði Hagamúsa (*Apodemus sylvaticus*) á Kjalarnesi

Ester Rut Unnsteinsdóttir

Ph.d. nemi við Líffræðiskor Háskóla Íslands

Leiðbeinandi: Páll Hersteinsson

Hagamúsin (*Apodemus sylvaticus*) er eina nagdýrategundin sem lifir villt í náttúru Íslands, óháð manningu. Tegundin er útbreidd á grónum svæðum um allt land og víða á eyjum umhverfis landið. Líklegt er talið að hagamús hafi borist hingað með landnámsmönnum frá Skandinavíu og Bretlandseyjum en tegundin er algeng og útbreidd um alla Evrópu og vestanverða Asíu. Hérlendis lifir hagamúsin á jafri útbreiðslusvæðis síns til norðurs og vesturs.

Markmiðið með þessari rannsókn er að varpa ljósi á vistfræði hagamúsa sem búa við dæmigerðar íslenskar aðstæður. Í fyrirlestrinum verður fjallað um hluta af niðurstöðum rannsóknarinnar.

Fylgst var með stofni hagamúsa í landi Brautarholts á Kjalarnesi á tímabilinu september 2001 til nóvember 2003. Svæðið er um 35ha að flatarmáli, mest tún með skurðum og strandlengju allt um kring. Veitt var í 145 lífgildirur með um 40m millibili í fimm daga í senn á um 5 vikna fresti, alls 21 skipti. Endurheimtur voru notaðar til að reikna stofnstærð, vöxt, lífslíkur o.fl.. Fengin voru gögn úr sjálfvirkum veðurstöðvum Veðurstofu Íslands og áhrif ýmissa veðurþátta á þéttleika músanna könnuð. Einnig var notast við veiðigögn frá haustveiðum nemenda við Háskóla Íslands frá árinu 1996 til 2000. Þannig hafa safnast upplýsingar um haustþéttleika (hámarksþéttleika) hagamúsa á svæðinu í 9 ár af 10 en ekki var veitt haustið 1999. Leitað var eftir því hvaða þættir gætu stýrt þéttleika músanna og hvort stofnbreytingar væru þéttleikaháðar eins og algengt er hjá hagamúsastofnum sunnar í Evrópu.

Sveiflur voru í stofninum eftir árstímum þannig að mest var af músum á haustin en minnst á vorin. Lífslíkur músa voru breytilegar eftir árstímum en að jafnaði lifði um 15-20% haustmúsa af veturinn. Flestar mýs drápu í byrjun vetrar og virðist dánartíðni ekki vera þéttleikaháð heldur fara fyrst og fremst eftir umhverfishita. Hins vegar voru lífslíkurnar með hæsta móti yfir háveturinn.